



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19.3.2021

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, lögræðislögum, nr. 71/1997, og barnalögum, nr. 76/2003 (bann við barnahjónabandi), þskj. 432., 347. mál.**

Amnesty International styður að ríki setji lög um lágmarksaldur til að ganga í hjónaband. Ríki eiga að banna og koma í veg fyrir að einstaklingar séu þvingaðir eða neyddir til að ganga í hjónaband undir öllum kringumstæðum, hvort sem þeir eru börn eða fullorðnir.

Amnesty International telur þó að í einhverjum tilvikum geti réttindum barns verið betur borgið ef leyfðar eru undantekningar á lágmarksaldri til að ganga í hjúskap. Mikilvægt er að fyrir hendi sé einhver heimild til að meta samþykki í tilviki hjónabanda þar sem annar eða báðir aðilar eru undir 18 ára. Er það í samræmi við meginregluna um stigvaxandi rétt barna til að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar ákvarðanir og meginregluna um það sem er barninu fyrir bestu.

Samkvæmt *Sameiginlegum athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum um skaðlega hætti* sem gefnar voru út 14. nóvember 2014,<sup>1</sup> geta undantekningar verið gerðar á lágmarksaldri til að ganga í hjónaband með tilliti til stigvaxandi þroska barns og sjálfstæðis. Með slíkum undantekningum verði þó að vera slegnir ákveðnir varnaglar sem eiga þó ekki að fela í sér samþykki foreldra eða forráðamanna, sbr. 19. málsgrein athugasemda Barnaréttarnefndar SP og nefndar SP um afnám allrar mismununar gagnvart konum:


Child marriage, also referred to as early marriage, is any marriage where at least one of the parties is under 18 years of age. The overwhelming majority of child marriages, both formal and informal, involve girls, although at times their spouses are also under 18 years of age. A child marriage is considered to be a form of forced marriage, given that one and/or both parties have not expressed full, free and informed consent. As a matter of respecting the child's evolving capacities and autonomy in making decisions that affect her or his life, a marriage of a mature, capable child below 18 years of age may be allowed in exceptional circumstances, provided that the child is at least 16 years of age and that such decisions are made by a judge based on legitimate exceptional grounds defined by law and on the evidence of maturity, without deference to culture and tradition.

Samkvæmt því sem að ofan greinir er barnahjónaband talið þvingað hjónaband ef annar eða báðir aðilar hafa ekki veitt fullt, frjálst og upplýst samþykki. Til að virða stigvaxandi getu og sjálfstæði barns til að taka ákvörðun sem hefur áhrif á líf þess, getur hjónaband þroskaðs, hæfs barns undir 18 ára verið leyft í einstaka tilfellum, að því gefnu að barnið sé að minnsta kosti 16 ára gamalt og að slíkar ákvarðanir

<sup>1</sup> *Joint general recommendation/general comment No. 31 of the Committee on the Elimination of Discrimination against Women and No. 18 of the Committee on the Rights of the Child on harmful practices.* sjá <https://documents-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/N14/627/78/PDF/N1462778.pdf?OpenElement> (sótt 19.3.2021).

séu tekna af dómara sem byggja á lögmætum, sérstökum ástæðum sem skilgreindar eru í lögum og á grundvelli sönnunargagna um þroska barns, án tillits til menningar eða venja.

Virðingarfyllst, **AMNESTY INTERNATIONAL**  
Íslandsdeild



---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International